

Efnis ð er stórt, því tíminn ykkar er svo dýrmætur. Eg vil, að þið finnið til þess. En það er ykkar vegna, að tíminn er mikils virði. Þið eruð *sjálf* svo mikils virði, að tíminn má ekki verða ykkur til ills og fara illa með ykkur.

Hafid þið hugsað um það, að þið eruð mikils virði. Þið þursið að lugsa um það — ekki til þess samt, að þið verðið stór upp á ykkur af því. — Svei! Það er ljótt að vera stór upp á sig! — Nei, heldur til þess að þið verðið lítillát. *Guð* á að vera stór í augum ykkar, en ekki þið sjálf.

*Guð* vill brúka ykkur, börn, til þess að vinna fyrir sig. Þess vegna eruð þið mikils virði. Hann vill láta ykkur taka við af okkur, himmum eldri, þegar við haettum verkinu okkar í lífinu. Þá er ykkar verk í lífinu að taka við verkinu okkar og vinna það *betur* en við gerðum. Þess vegna vill *guð*, að þið *uppalist* vel og kerid að nota *eskuna* ykkar vel, eins og eg minti ykkur á seinast, og lærid að nota *allan tímamann* ykkar. Því betur sem þið lærid þetta, því betur getur *guð* brúkað ykkur.

Gáð nú að þessu: Tíminn ykkar er dýrmætur, af því þið eruð svo mikils virði og af því *guð* vill láta ykkur vinna fyrir sig.

En svo bið eg ykkur að taka eftir einu sérstaklega, sem eg í þetta sinn vil tala um við ykkur. Það er um að nota vel *sunnudagana* ykkar.

Þið munið eftir sögunni um *piltinn, sem félkk stöðuna*. Eg sagði ykkur hana héraðna í vor. Það var víst í Apríl. Þið munið þá eftir manninum, sem settur var til þess að grenslast eftir, hvernig piltur hann væri. Á meðal annars átti hann að komast eftir því, hvernig hann feri með sunnudaginn sinn. Það var álitid eitt merki þess, hvernig piltur hann væri. Ef hann fór illa með hann, þá var hann ekki góður piltur. Hann sýndi, að hann var ekki *guðhræddur*. Og þá var honum ekki treystandi. Þetta var álit bankamaunsins. Og hann vildi fá pilt, sem mátti treysta.

Á ykkur er það líka merki, hvernig þið farið með sunnudagana ykkar. Það sést á því, hvort þið eruð góð eða vond börn — hvort þið óttist *guð* og elskið hann, eða þið hafið gleymt honum. *Guðhrædd* og góð börn fara ekki illa með sunnudagana sína. Og *guðhræddir* og góðir menn verðið þið ekki, ef þið farið illa með sunnudagana ykkar. Og þá getur *guð* ekki brúkað ykkur til þess að vinna fyrir sig. Og hvers virði verðið þið þá? Einskis virði, börn.

Eg sagði ykkur áðan, að þið væruð mikils virði, af því *guð* vildi brúka ykkur. En ef þið farið svo með timann ykkar,